



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi þann 13. september 2017 að veita árlega viðurkenningu fyrir meistaraverkefni í leikskólakennara-, grunnskólakennara- og tómstundafræðum sem eru unnin á vettvangi skóla- og frístundastarfs Reykjavíkurborgar og/eða hafa hagnýtt gildi fyrir framþróun formlegrar og óformlegrar menntunar í borginni.

Veittar eru allt að tólf viðurkenningar árlega fyrir slík verkefni og verðlaun fyrir hvert verkefni eru 250.000 kr. Markmið þessara verðlauna er að auka hagnýtingu rannsókna í fagstarfi með börnum og unglingum í borginni, vekja athygli á skóla- og frístundastarfi í borginni og hvetja meistaraneina til að gera Reykjavík að vettvangi rannsókna, náms og starfs. Efnt verður til kynninga á verðlaunaverkefnum fyrir stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundasviðs.

Upplýsingar um viðurkenningarnar er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/vidurkenning-fyrir-meistaraverkefni-i-kennslu-og-tomstundafraedum>.

Auglýst var eftir umsóknum um viðurkenningar í apríl 2019 og tekið fram að til álita kæmu verkefni sem lokið var við á tímabilinu 1. júní 2018 til 31. maí 2019. Tuttugu og sex umsóknir bárust að þessu sinni. Dómnefnd, skipuð sérfræðingum í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs fór yfir umsóknir og valdi að þessu sinni tíu verkefni sem hljóta viðurkenningu. Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti viðurkenningu skóla- og frístundaráðs haustið 2019:

- 1) Eyrún Ólafsdóttir
Byrjendalæsi sem brú milli tákna og íslensks ritmáls: Reynsla döff kennara
Deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands
- 2) Guðlaug Bjarnadóttir
„Þú getur sýnt fram á hæfni þína á ótrúlega mismunandi vegu“: Samþætting námsgreina í unglingsdeild í einum skóla
Kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri
- 3) Halla Leifsdóttir
Í hlekkjum huglása: Starfendarannsókn á samþættingu núvítundarástundunar og nýsköpunarmenntar
Deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands.

- 4) Hildur Lilja Guðmundsdóttir
Í kanínuholunni beið nýr raunveruleiki: Þróun vaxtarhugarfars í skólastarfi
Deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands
- 5) Hörður Arnarson
„Þurfum við endilega að hætta núna?\": Prófun og endurhönnun hlutverkaspilsins
„Teningasögur“
Deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands
- 6) Kristín Dóra Ólafsdóttir
Essið: Ræktun jákvæðrar sjálfsmyndar á umrótatímum
Listkennsludeild Listaháskóla Íslands
- 7) Ingunn Heiða Kjartansdóttir
„Skipulag í óskipulaginu“
Líðan barna í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði: Hver er reynsla foreldra?
Deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands
- 8) Sólveig Björg Pálsdóttir
„Þetta er kannski alltaf svona á bak við eyrað“: Kynjajafnréttismenntun elstu barna í sex
leikskólum.
Deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands
- 9) Sunneva Svavarsdóttir
Yngstu börnin og upplýsingatækni
Deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands
- 10) Valdís Ingimarsdóttir
„Ég finn bara hálfan skó!\": Hvaða stærðfærði eru börn á leikskólaaldri að fást við?
Deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar um hvert verkefni er að finna í fylgiskjali.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur 2019

Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómsundafræðum – umsagnir um verðlaunaverkefni:

- 1) **Eyrún Ólafsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Byrjendalæsi sem brú milli táknmáls og íslensks ritmáls*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands. Rannsóknin er starfendarannsókn þar sem fylgst er með þróun byrjendalæsis fyrir döff nemendur og er aðferðin notuð hér í fyrsta sinn við kennslu þessara nemenda. Hér er því um brautryðjendaverk að ræða sem veitir aukinn skilning á námi döff nemenda og leið til að auka orðaforða, lesskilning þeirra og lestrarhæfni. Verkið veitir einnig innsýn í félagsleg samskipti döff nemenda í táknmálsumhverfi og mikilvægi þess. Verkefnið er sett fram á móðurmáli höfundar, táknmáli. Það gefur lesandanum ómetanlegt tækifæri til að fá innsýn í veruleika minnihlutahóps táknmálastandi fólks og gefur þessari skemmtilegu og fræðandi frásögn og umfjöllun meiri dýpt og gildi. Verkefnið er afar vel unnið, það er skemmtilegt og varpar skýru ljósi á viðfangsefni sem er einstakt brautryðjanda verkefni.
- 2) **Guðlaug Bjarnadóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *„Þú getur sýnt fram á hæfni þína á ótrúlega mismunandi vegu“ - Samþætting námsgreina í unglingsáttum í einum skóla*. Verkefnið var unnið við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Í verkefninu er dregin upp mynd af námi nemenda og starfi kennara þar sem unnið er með breytta kennsluhætti með samþættingu námsgreina. Skoðaðar eru þær breytingar og áskoranir sem samþættingin hefur falið í sér fyrir námið og kennsluna svo og ávinningur af þessum breyttu kennsluháttum. Niðurstöður sýna að nemendur upplifa á jákvæðan hátt aukna ábyrgð og sjálfstæði í námi sínu. Fjölbreytni í vinnulagi, aðferðum og verkefnum virðast höfða til áhuga þeirra þar sem nemendur fá tækifæri til dýpkunar á viðfangsefnum og taka þau jafnvel lengra en fyrirmæli segja til um. Kennarar sem tóku þátt í verkefninu lýsa jafnframt mikilli starfsþróun samfara umfangsmikilli breytingu á kennsluháttum. Verkefnið er gott og hagnýtt verkfæri fyrir kennara sem vilja breyta kennsluháttum með samþættingu námsgreina, bæði fræðileg umfjöllun höfundar, niðurstöður og umfjöllun um þær.
- 3) **Halla Leifsdóttir** fær viðurkenningu fyrir *meistaraverkefnið Í hlekkjum huglása - Starfendarannsókn á samþættingu núvitundarástundunar og nýsköpunarmenntar*. Verkefnið var unnið við deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands. Verkefnið er starfendarannsókn á vettvangi og lýsir leiðum kennarans til að skoða og þróa eigin starfshætti út frá aðferðum nýsköpunarmenntar og núvitundar. Gerð er grein fyrir starfi kennara sem leitast við að ýta undir sköpunarmátt nemenda sinna, en jafnframt þeim átökum sem felast í því að vera metnaðarfullur kennari sem leitar stöðugt leiða til að bæta sig í starfi í þágu nemenda. Niðurstöður sýna að streituvaldandi aðstæður styðja ekki núvitundariðkun og geta haft letjandi áhrif á sköpunarmátt. Nemendur kjósi að hafa nýsköpunarmennt sem hluta af skólastarfi og telja að núvitundarástundun geti verið gagnleg gegn streituvaldandi álagi í skólanum. Verkefnið gefur mjög góðar og oft nýstárlegar hugmyndir fyrir kennara til að rannsaka og skoða starfshætti sína með gagnrýnum hætti og nota til þess ólíkar aðferðir. Verkefnið hefur þannig mikið hagnýtt gildi fyrir framþróun í skólastarfi.
- 4) **Hildur Lilja Guðmundsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Í kanínuholunni beið nýr raunveruleiki, þróun vaxtarhugarfars í skólastarfi*. Verkefnið var unnið við deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands. Verkefnið fjallar um áhrif hugarfars á námsstíl og framfarir nemenda í námi og byggir einkum á rannsóknum Carol Dweck um „fixed“ og „growth mindset“ sem höfundur nefnir vaxtar hugarfar og festu hugarfar. Skoðað er hvernig kennari

getur með kennsluháttum sínum og orðræðu eflit vaxtar hugarfar nemenda sinna og mögulega eigið hugarfar. Í ferlinu varð höfundur ljóst að stærsta áskorunin var í raun hún sjálf og eigið hugarfar. Vinnan með vaxtar hugarfar gaf henni ekki einungis ný tæki og tól til að eiga samskipti við nemendur og leiðbeina þeim áfram heldur leiddi hún til breytinga í námi og kennslu og kom á fót nýjum tengslum milli nemenda og kennara. Meirihluti grunnskóla í Reykjavík vinnur nú markvisst að innleiðingu leiðsagnarnáms þar sem hugarfar kennara og nemenda er talið vera mikilvæg forsenda náms. Verkefnið hefur því mjög hagnýtt gildi í tengslum við þá innleiðingu og er líklegt til að gagnast vel kennurum í grunnskólum borgarinnar.

- 5) **Hörður Arnarson** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið „*Þurfum við endilega að hætta núna?*“ - *Prófun og endurhönnun hlutverkaspilsins „Teningasögur“*. Verkefnið var unnið við deild kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands. Verkefnið fjallar um hlutverkaleiki í kennslu í gegnum hlutverkaspilið Teningasögur þar sem nemendur eru í aðalhlutverki í eigin ævintýri. Annars vegar var markmið verkefnisins að þróa áfram spilið og hins vegar eigindleg þróunarrannsókn þar sem könnuð voru viðhorf kennara og nemenda til spilsins og hlutverkaleikja. Höfundur leitar þannig eftir sjónarhorni bæði kennara og nemenda og eru allir þátttakendur hluti af þróunarferlinu. Niðurstöður verkefnisins leiddu síðan til mikilla breytinga á vefsíðu Teningasagna. Verkefnið og hlutverkaspilið er hægt að nota bæði í leik-, grunn- og frístundastarfi og hefur því hagnýtt gildi fyrir alla þrjá starfsþættina.
- 6) **Kristín Dóra Ólafsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Essið: Ræktun jákvæðrar sjálfsmyndar á umrótatímum*. Verkefnið var unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Um er að ræða starfendarannsókn sem unnin var í félagsmiðstöð í Reykjavík þar sem námsefni sem höfundur útbjóg ásamt kennsluleiðbeiningum var prufukeyrt og gagnsemi þess fyrir þátttakendur metin. Verkefnið veitir þeim sem vinna með unglingshópa verkfæri til að vinna að aukinn sjálfspækingu þátttakenda og bæta jákvæða sjálfsmynd með því að nota dagbók eða skissubók. Rannsóknin er mjög vel unnin og er nýstárleg þar sem verið er að tengja saman listnám, sjálfsvinnu og vinnu með unglingsstúlkum í hópastarfi í félagsmiðstöð. Um er að ræða nýsköpun að því leyti að sú leið sem þarna er farin til að vinna með sjálfsefningu er sett fram með skýrum og aðgengilegum hætti og hagnýtt gildi rannsóknarinnar því ótvírætt.
- 7) **Ingunn Heiða Kjartansdóttir** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Skipulag í óskipulaginu*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands og í því er sýnt fram á að lýðræðisleg vinnubrögð og virk þátttaka barna í leikskólastarfinu gefur þeim færi á að upplifa flæði í leik og starfi. Talað er um gæði þess að vera með opinn efnivið og mikilvægi umhverfis á nám og þroska barna. Einnig er bent á mikilvægi dagsskipulags og hversu mikil áhrif þátttaka barna hefur á leikskólastarfið, líðan þeirra og upplifun foreldra. Þeir sem koma að skipulagningu leikskólastarfs geta nýtt sér fræðilegan hluta verkefnisins og niðurstöður sem segja til um mikilvægi þátttöku og virkni allra sem koma að leikskólanum; starfsfólk til að búa til lýðræðislegt samfélag í leikskólanum, börn sem þátttakendur í því samfélagi og þátttaka foreldra með formlegum eða óformlegum hætti. Í ljósi þess að sífellt fleiri leikskólar styðjast við hugmyndir um flæði getur þessi rannsókn verið góð viðbót við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir varðandi hugmyndir um flæði í leikskólastarfi.
- 8) **Sólveig Björg Pálsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið „*Þetta er kannski alltaf svona á bak við eyrað*“: *Kynjajafnréttismenntun elstu barna í sex leikskólum*. Verkefnið var unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands. Í verkefninu er fjallað um kynjajafnréttismenntun elstu barna í sex leikskólum á höfuðborgarsvæðinu og færð rök fyrir mikilvægi kynjajafnréttismenntunar í leikskólum. Niðurstöður verkefnis gefa skýrt til kynna að leikskólakennarar eru óruggir þegar kemur að kynjajafnréttismenntun barna og er hún því oft ómarkviss og bundin áhuga einstaka starfsmanna. Leikskólakennarar á höfuðborgarsvæðinu telja sig skorta fræðslu og þeir vita ekki hvar þeir geta sótt efni eða fræðslu um kynjajafnrétti

sem er áhyggjuefni. Höfundur dregur fram aðgengileg þemu í rannsókninni og ættu þau að geta nýst vel til umræðu og umbótavinnu á öllum leikskólum og í leikskólasamfélaginu. Verkefnið er mikilvægt framlag til umræðu sem er virkilega þörf í leikskólastarfi.

- 9) **Sunneva Svavarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Yngstu börnin og upplýsingatækni* sem var unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands. Í þessu verkefni sem byggir á starfendarannsókn er markmiðið að skoða með hvaða hætti verkefnastjóri getur haft jákvæð áhrif og vakið áhuga starfsfólks á upplýsingatækni með ungum börnum á yngstu deild barna í Reykjavík. Starfendarannsóknin var unnin samhliða innleiðingu og verkefnastjórn þróunarverkefnisins *Yngstu börnin og upplýsingatækni* í leikskólanum Reynisholti. Þróunarverkefnið var unnið í góðu samstarfi við Mixtúru þar sem kennarar og starfsfólk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar getur sótt fræðslu og ráðgjöf um upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Verkefnið er framsækið og getur vafalítið verið öðrum leikskólum fyrirmynd í skapandi notkun á upplýsingatækni. Gildi þess felst meðal annars í því að styðja við áhuga starfsfólks til að breyta náms- og kennsluháttum, styðja við mikilvæga umræðu um hvaða tækni á erindi inn í leikskóla og stuðla að skapandi starfi. Verkefnið hefur sterka vísun í opinbera stefnumótun, s.s. stefnu sviðsins um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi, aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar.
- 10) **Valdís Ingimarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *„Ég finn bara hálfan skó!“*: Hvaða stærðfærði eru börn á leikskólaaldri að fást við? Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða í Háskóla Íslands. Megintilgangur verkefnisins var að greina hvaða stærðfræðinám börn á leikskólaaldri eru að takast á við. Fræði og hagnýting í starfi er fléttuð saman á einstaklega faglegan hátt þar sem námssögur eru nýttar til að varpa ljósi á þekkingu og þekkingarleit barna í leikskóla. Höfundur dregur þá ályktun að leikskólakennarar þurfi fyrst að átta sig á þekkingu barnsins, áhuga og þroska þegar kemur að stærðfræði með því að ræða við börnin og fylgjast með þeim í leik og starfi. Þannig geti þeir betur veitt viðunandi nám. Verkefnið er ný nálgun á þessu viðfangsefni og áhugaverð lesning sem verðskuldar kynningu sem víðast því niðurstöður gætu nýst starfandi leikskólakennurum.